



SUÐURNESJABÆR

Suðurnesjabæ, 29. október 2020
2010050 JKH

00.74

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Jón Prándur Stefánsson
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Efni: Byggðakvóti fiskveiðiársins 2020/2021.

Á 60. fundi bæjarráðs Suðurnesjabæjar þann 28. október 2020 var fjallað um erindi frá atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneyti, varðandi sérreglur um úthlutun byggðakvóta. Bæjarráð samþykkti að óska eftir við ráðuneytið að sett verði sérstök regla varðandi úthlutun byggðakvóta til fiskveiðiskipa í byggðarlaginu Garði í Suðurnesjabæ. Rökin fyrir þessari ósk eru að ekki er löndunarhöfn í Garði, með þessari sérreglu munu fiskiskip skráð í Garði eiga kost á að fá úthlutað byggðakvóta og geta landað aflanum í öðru byggðarlagi. Eftirfarandi er bókað um afgreiðslu málsins í fundargerð bæjarráðs:

Samþykkt samhljóða að óska eftir við atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneyti, að þar sem ekki er löndunarhöfn í byggðarlaginu Garði, verði fullgilt að fiskiskip sem þar eru skráð og fá úthlutað byggðakvóta, landi afla sem telst til byggðakvóta í öðru byggðarlagi en til vinnslu í byggðarlaginu Garði.

Jafnframt verði óskað eftir breytingu á 1. mgr. 4. gr. reglugerðar um úthlutun byggðakvóta, um að fyrir byggðarlagið Garð komi m.a. „..og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

Virðingarfyllt,

Magnús Stefánsson
bæjarstjóri

